

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Hvalfjarðarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar skal, skv. 23. gr. samþykktar nr. 583/2008 um fráveitur í Hvalfjarðarsveit, setja gjaldskrá vegna hreinsunar rotþróa í sveitarfélaginu.

2. gr.

Hreinsunargjald fyrir árið 2009 skal vera kr. 5.000 á rotþró við hvert íbúðarhús, sumarhús og fyrirtæki.

3. gr

Hreinsunargjald er innheimt með fasteignagjöldum. Gjald dagar fasteignagjalda verða 7 talsins á mánaðar fresti, 15. hvers mánaðar. Í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí og ágúst.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 9. desember 2008.

Hvalfjarðarsveit, 6. febrúar 2009.

Laufey Jóhannsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 25. febrúar 2009